

Rýmingaráætlun við eldsvoða eða hættuástandi í Selásskóla.

Í skólanum er viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi, neyðarlýsing og útiljós. Flóttaleiðir eru margar.

Í hverri stofu skólans við útgöngudyr er nafnalisti með nöfnum nemanda og lýsing á fyrstu viðbrögðum ásamt skóhlífum. (Er ekki enn komið til framkvæmda en stendur til)

- Ef brunaviðvörðunarkerfi / öryggiskerfi skólans fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun.
- Skólastjórnendur eða umsjónarmaður fer að stjórnöflu öryggiskerfis og aðgætir hvaðan brunaboðið kemur.
- Kennarar undirbúa nemendur fyrir rýmingu kennslustofunnar og fara eftir rýmingaráætluninni sem er að finna í hverri kennslustofu. MUNA EFTIR NAFNALISTA OG SKÓHLÍFUM.
- Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri eða umsjónarmaður hafa samband við slökkvilið í síma 112 og tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu. Ritari tekur með sér skráningarbók fjarvista. Starfsfólk rýmir skólann, fer á söfnunarsvæðið og myndar röð fyrir framan nemendur.
- Þegar komið er á söfnunarsvæðið, sem er malbikaði fótboltavöllurinn. Þar fer hver hópur á sitt fyrirfram ákveðna svæði og kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir nemendur hafa komist út. Ef einhvern vantar skal kennarinn strax rétta upp hönd og tilkynna umsjónarmanni söfnunarsvæðis.
- Skólastjórnendur eða staðgengill þeirra fer á milli hópa og fær upplýsingar um hvort allir nemendur hafi skilað sér út, eða hversu marga nemendur vanti og kannar hvar þeir sáust síðast.
- Þegar slökkvilið kemur á staðinn skal skólastjóri eða staðgengill gefa varðstjóra upplýsingar um hve margir nemendur hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
- Farið er með nemendur og starfsfólk af svæðinu á áður tilskilinn stað í nágrenninu. Það er í íþróttahús skólans og þaðan í Fylkisheimilið.
- Sá aðili sem síðastur fer úr hverri stofu skal loka öllum hurðum á eftir sér til að draga úr reyklæði um bygginguna og hindra þar með útbreiðslu elds eins og hæg.

Viðbrögð

við eldsvoða eða hættuástandi.

- Þegar brunakerfið fer í gang eiga nemendur **strax** að fara í röð út úr stofunni ásamt kennara og loka stofuhurðinni á eftir sér.
- Kennari skal athuga hvort leiðin er greiðfær og tekur með sér skrá yfir viðbrögð, nafnalista og skólhlífur.
- Nemendur fara hvorki í skó eða yfirhafnir.
- Nemendur skulu ganga í röð út á söfnunarsvæðið á eftir kennara sínum. **(Ekki hlaupa)**
- Þegar á söfnunarsvæðið er komið fer hver hópur á sitt fyrirfram ákveðna svæði. (Sjá teikningu – vantar enn þá).
- Kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort öll börn hafa komið út. Ef einhvern vantar skal hann tilkynna það **strax** yfirmanni söfnunarsvæðisins.